



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Gamla spýtan ehf.
Hjallavegi 11
400 Ísafjörður

Ísafjörður, 14. júní 2018
2018060013

Efni : Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa

Á 27. afgreiðslufundi byggingarfulltrúa Ísafjarðarbæjar þann 14.06.2018 var eftirfarandi erindi tekið fyrir:

Einar Birkir Sveinbjörnsson leggur fram fyrirspurn um byggingaleyfi um byggingu iðnaðarhúss að Æðartanga 6 (áður 12) skv. núgildandi skipulagi, Fylgigögn eru fyrirspurnarblað undirritað og dags. 05.05.2018, ásamt skissu að iðnaðarhúsi.

Bókun: Lóðaúthlutun Gömlu Spýtunnar var afgreidd í bæjarstjórn þann 02.03.2017 með eftirfarandi bókun, Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Gamla Spýtan, fái lóð Við Æðartanga nr.12 Ísafirði skv. umsókn með og þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.

Með vísan í úthlutunarreglur Ísafjarðarbæjar gr. 3.4. þá er lóðaúthlutun fallin úr gildi. Umsækjandi þarf sækja um lóð að nýju eftir að hún hefur verið auglýst.

G.r. 3.4

Byggingarfrestur á lóð eða byggingarsvæði er 12 mánuðir frá úthlutun og skal þá miðað við þá dagsetningu þegar lóðarúthlutun er staðfest af bæjarstjórn. Byggingarfrestur er sá tími sem lóðarhafi hefur til að fá byggingarleyfi skv. byggingarreglugerð ásamt því að hefja framkvæmdir á lóðinni. Hafi byggingarleyfi ekki verið veitt eða framkvæmdir ekki hafist á lóðinni að byggingarfresti liðnum fellur lóðarúthlutunin úr gildi. Gatnagerðargjald skal lagt á skv. a lið 3. gr. samþykktar um gatnagerðargjald í Ísafjarðarbæ. Greiði lóðarhafi ekki gjaldið skv. a lið 7. gr. sömu samþykktar fellur lóðarúthlutun úr gildi.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Axel Rodríguez Överby
- skipulags- og byggingarfulltrúi -